

BÆJAR- OG HÉRAÐSBÓKASAFNIÐ

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

ÍSAFIRÐI

ÁSSKÝRSLA 1992 ([1991](#))

ÚTLÁN:

Á árinu voru heildarútlán bókasafnsins 22.740 bindi, en voru 22.025 árið 1991. Í aðalsafni voru útlánin 19.358 (18.455), í Hnífsdalssafni voru útlánin 1.138 (1.493), og til stofnana o.fl. voru útlán 2.244 (2.077) bindi.

Af heildarútlánnum voru barnabækur um 28%, skáldrit um 38% og flokkað efni (fræðirit) 34%. Töluverð aukning hefur verið í útlánnum á fræðiritum, en samdráttur í barna- og skáldritum.

Bent er á að framangreindar útlánatölur eiga eingöngu við um rit sem eru lánuð út af safninu - lán á lesstofu, leskróka, handbókalán, blaða- og tímaritalán o.þ.h. eru ekki talin með. Áætlað er að þessi innanhússnotkun nemi u.þ.b. 50% af útlánnum safnsins. Útlán á hvern íbúa bæjarins eru tæp 7 eint./íb. Minni útlán afþreyingarbóka (skáldrita og barnabóka) má að verulegu leyti skýra með auknu framboði afþreyingarefnis í fjölmiðlum og myndbandaleigum, verulega miklu meiri áhersla skóla á notkun myndefnis með skýringatexta (í stað texta með skýringamyndum). Ekki síður hefur verulegur niðurskurður bókakaupafjár undanfarið slæm áhrif á þjónustu safnsins og útlánatölur.

MILLISAFNALÁN:

Rit lánuð öðrum söfnum voru 16 (4), og rit fengin að láni voru 65 og hljóðbækur 225 samtals 290 eintök (242).

ÖNNUR ÚTLÁN:

Auk venjulegra útlána voru 268 (179) bækur sendar íbúum sýslunnar í pósti. Í stofnunum voru lánaðar út 1.708 (1.499) bækur. Önnur sérútlán m.a. til skipa voru 268 (399). Alls voru þessi útlán 2.244 (2.077).

PANTANIR:

Á árinu voru afgreiddar 175 (320) pantanir á bókum (vegna lána).

SAFNGESTIR:

Áætlað er að um 16.000 gestir hafi komið í safni á árinu, sem er heldur meira en s.l. ár.

SKRÁNING:

Allur safnkostur frá 1987 hefur verið skráður í tölvukerfi, auk þess sem allur safnkostur Grunnskólans og Fræðslukrifstofunnar er skráður í kerfið, en þessar stofnanir hafa búnað til að leita í skrá safnsins. Stefnt er að því að skrá öll söfn í héraðinu í kerfi Bæjarbókasafnsins, en það hefur augljósa hagræðingu og kosti í för með sér.

GAGNABANKAR:

Safnið hefur núþegar tölvusamband við erlenda gangabanka (DIALOG), þar sem hægt er að leita upplýsinga um hvaðeina. Stefnt er að því að tengja safnið fleiri upplýsinganetum (og ódýrari) t.d. INTERNET.

STARFSLIÐ:

Sama og s.l. ár: Edda B. Kristmundsdóttir, bókasafnsfræðingur (66%), Elín Magnfreðsdóttir, bókaforstjóri (66%), Jóhann Hinriksson, forstöðumaður (100%) og Þórdís Þorleifsdóttir, bókaforstjóri (66%).

ÚTÁNATÍMAR:

Frá 1. jan. til 1. júní var safnið opið 29 klst. á viku, frá 1. júní til 1. okt. var safnið opið 19 klst. á viku og eftir 1. okt. til áramóta var safnið opið 27 klst. á viku. Safnið í Hnífsdal var opið vetrarmánuðina 4.30 klst. á viku.

SAFNKOSTUR:

Í árslok taldist safnkosturinn 65.423 eintök, en var (64.724) í ársbyrjun. Aukningin var 699 eintök, miðað við 730 s.l. ár - þetta er verulega minna en að jafnaði undanfarna 2 áratugi (um 1.375 eint. á ári). Þessi samdráttur í bókaupphæfingunni er ein meginorsök minni útlána undanfarði.

Bækur gefnar safninu voru 76 (miðað við 72 s.l. ár). Afskrifaðar voru 331 bók (192 s.l. ár). Engin bók var bundin inn á árinu miðað við 28 s.l. ár.

Meginhluti safnkostsins (um 40.000 bindi) hefur verið í kjallargeymslum og kössum undanfarin ár vegna þrengsla. Á árinu var hluti þessa safnkosts fluttur í Gamla sjúkrahúsið (um 900 kassar). Stefnt er að því að flytja allan bókaupphæfingunni úr kjallargeymslum sundhallarinnar á næsta ári (um 15.000 bindi).

HÚSNÆÐI:

Ekkert var unnið við endurbyggingu Gamla sjúkrahússins á árinu ef frá er talin vinna við smíði útihurða fyrir styrk frá Húsafriðunarsjóði ríkisins.

STOFNANIR:

Þjónusta við stofnanir (þ.e. sjúkrahús, elliheimili, dvalarheimili (Hlíf), fræðsluskrifstofa, dagheimili og hótelið) var með svipuðum hætti og undanfarandi. Aðallega er um að ræða útlán bóka, skráning og frágangur/viðhald bóka.

SKÓLAR:

Eins og áður hefur safnið séð um skárningu og flokkun bóka Grunnskólans í tölvukerfi safnsins, en skólinn hefur aðgang að þessum skráum í tölvu skólasafnsins. Framhald var á safnkynningu fyrir nemendur Grunnskólans í samvinnu við skólasafnvörð.

Bókasafnið hefur sinnt þörfum nemenda Menntaskólans fyrir ítarefni (bækur / tímaritsgreinar o.fl.) að verulegu leiti, en mikið vantar á skipuleg vinnubrögð af hálfu skólans við þetta starf. Með auknu húsrými og fullkomnum tölvubúnaði bókasafnsins má stórbæta þessa þjónustu og auka hagkvæmni. Jafnframt er eðlilegt að Menntaskólinn taki þátt í kostnaði við þessa samvinnu eins og aðrar stofnanir.

HREPPSBÓKASÖFN:

Samstarf við þessi söfn var með líku sniði og undanfarin ár. Stefnt er að því að skrá söfnin í tölvukerfi bókasafnsins á næsta ári þannig að hægt verði að sjá á einum stað hvað til er af bókum í héraðinu.

HÉRAÐSSKJALASAFN:

Unnið var sérstakleg að söfnun skjala og athugun á ástandi í skjalageymslum í héraðinu, en það verk vann Jóna Símonía Bjarnadóttir, sagnfræðingur, að mestu fyrir styrk úr Þjóðhátiðarsjóði. Stefnt er að því að fara í gegnum öll skjöl safnsins og búa um að nýju áður en safnið verður flutt í geymslur í Gamla sjúkrahúsinu, á næsta ári væntanlega. Mikil og vaxand vinna er við ljósmyndasafnið (útvegum kópía o.fl.).

STJÓRN:

Í stjórn Bæjar- og héraðsbókasafnsins og Héraðsskjalasafnsins eru eftirtaldir:

af hálfu Ísafjarðarkaupstaðar:

Guðmundur Marínósson, Hjallavegi 4, formaður
Ásgeir S. Sigurðsson, Urðarvegi 60, varaformaður
Bryndís Friðgeirsdóttir, Fjarðarstræti 9
Magni Ö. Guðmundsson, Hlíðarvegi 29

af hálfu hreppa:

Ingibjörg Björnsdóttir, Súðavík
Marías Þórðarson, Suðureyri
Pétur Þorkelsson, Flateyri

Ísafirði, 20. júní 1993

Jóhann Hinriksson